

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Hafnarstrætisreitur 1.118.5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 23. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna Hafnarstrætisreits 1.118.5. Í breytingunni felst að spennistöð á torgi er flutt yfir á horn Pósthússtrætis og Tryggvagötu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Starhagi 1 og 3.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 2. mars 2017, breytingu á deiliskipulagi Starhaga vegna lóða nr. 1 og 3 við Starhaga. Í breytingunni felst að í stað einlyfra húsa á stórum grunnfleti er gert ráð fyrir einlyftum húsum á minni grunnfleti, á háum kjallara og með rishæð í samræmi við timburhús sömu megin götu. Einnig er lagt til að breyta lóðarmörkum Starhaga lítillega. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 29. mars 2017.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2017